



**ÁRSSKÝRSLA  
2011**

Heilbrigðisstofnun Vesturlands

ÁRSSKÝRSLA

2011

**Umsjón með útgáfu/  
hönnun/umbrot**  
Rósa Mýrdal

**Ljósmyndir**  
G. Bjarki Halldórsson

**Forsíðumynd**  
G. Bjarki Halldórsson  
Myndin er tekin í Skorradal

# **EFNISYFIRLIT**

Pistill forstjóra	" 4
Skipurit	" 5
Stjórn og stjórnendur	" 6
Þættir úr starfsemi	" 8
 <b>Heilsugæsla</b>	
Heilsugæslustöð HVE Akranesi	" 12
Heilsugæslustöð HVE Borgarnesi	" 14
Heilsugæslustöð HVE Búðardal	" 15
Heilsugæslustöð HVE Grundarfirði	" 16
Heilsugæslustöð HVE Hól mavík	" 17
Heilsugæslustöð HVE Hvammstanga	" 18
Heilsugæslustöð HVE Ólafsvík	" 19
Heilsugæslustöð HVE Stykkishólmi	" 20
	" 21
 <b>Sjúkrahús</b>	
Sjúkrahús HVE Akranesi	" 22
Sjúkradeild HVE Hól mavík	" 23
Sjúkradeild HVE Hvammstanga	" 28
Sjúkrahús HVE Stykkishólmi	" 29
	" 30
 <b>Ársreikningur 2011</b>	" 33

# FRÁ FORSTJÓRA

Samantekt um starfsárið 2011 innan vébanda Heilbrigðisstofnunar Vesturlands kemur nú fyrir sjónir almennings. Þetta er annað starfsár HVE og birtist ársskýrsla nú með svipuðu sniði og fyrra ár með eðlilegum lagfæringum og endurskoðun í ljósi undirtekta.

Þrátt fyrir einstæðar og erfiðar ytri aðstæður og fáheyrðan niðurskurð í fjárveitingum til stofnunarinnar tókst á árinu að halda uppi þróttmiklu starfi og góðri þjónustu um allt umdæmið. Ekki verður þó horft framhjá því að nauðsynlegt reyndist að grípa til óhefðbundinna lausna í nokkrum tilvikum og una þrengri kostum en áður hefur tíðkast. Allt kapp var lagt á að verja störf og forðast uppsagnir þótt víða hafi þurft að rifa seglin umtalsvert.

Framkvæmdastjórn undirbjó og kynnti rekstraráætlun fyrir árið sem miðaði að miklu aðhaldi, breytingum á vinnufyrirkomulagi, niðurfærslu aukavinnu og fleiri þáttum. Rýnt var í alla rekstrarþætti og áætlun hrint í framkvæmd með einlæga von í brjósti um að okkur tækist enn að ná endum saman. Þetta reyndist tálsýn og óskhyggjan ein tók af okkur völdin. Róttækari aðgerða var þörf en umhyggja fyrir hagsmunum starfsmanna réð í raun mestu um að ekki var lengra gengið að sinni.


Niðurstaða rekstrar þegar líða tók á árið og í árslok leiddi í ljós þróun sem framkvæmdastjórn hafði strítt gegn án árangurs. Rekstrarhalli í árslok vegna reglulegrar starfsemi reyndist 129 milljónir króna og ljóst að ekki yrði lagt upp í óbreytta vegferð á nýju ári.

Eins og fyrr er greint þá var starfið í ungri, sameinaðri stofnun þróttmikið. Mikil áhersla var lögð á að hnýta lausa enda á ýmsum sviðum kjarnastarfsemi, tengja þá sameiginlegu þætti sem mynda þessa heild, Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Vel miðaði og sá fyrir endann á innleiðingu helstu kerfa, bæði hvað varðar launa- og bókhaldskerfi, innkaupakerfi, símkerfi og rafræna sjúkraskrá. Á öllum þessum sviðum á sér stað talsverð þróun og örarár breytingar. Stjórnendur eru í ríkum mæli á valdi utanaðkomandi aðila sem annast viðhald og endurbætur og ekki hefur allt gengið sem skyldi hvað það varðar. Starfsmenn hafa þó sýnt miklum hræringum og óstöðugleika á köflum skilning og þeim ber að þakka.

Allt það starf sem unnið er á vettvangi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands miðar að því að leggja grundvöll að markvissri og góðri þjónustu í þágu íbúa umdæmisins. Um leið er lögð áhersla á að skapa starfsumhverfi sem er í senn hvetjandi og aðlaðandi. Það er hinsvegar fyrst og fremst undir okkur starfsmönnum öllum komið hvernig tekst til og hvort við verðum svo gæfusöm að ná þessum markmiðum. Ef marka má hug samstarfsfólks til þessa, þá er fáu að kvíða varðandi hina óræðu framtíð. Starfsmenn hafa almennt sýnt óbilandi trú á verkefnum sínum og tekið þátt í krefjandi úrlausnum við erfiðar og nýstárlegar aðstæður. Fyrir ómetanlegt framlag þeirra, gott og heilsteypt samstarf þakka ég heilshugar og horfi með tilhlökkun til nýrra og örlítið bjartari tíma.

Guðjón S. Brjánsson  
forstjóri

# SKIPURIT HVE



**GILDI HVE**  
**VIRÐING**  
**TRAUST**  
**FAGMENNSKA**

# STJÓRN OG STJÓRNENDUR

## Forstjóri

Guðjón Brjánsson

## Framkvæmdastjórn

Forstjóri Guðjón Brjánsson

Framkvæmdastjóri lækninga Þórir Bergmundsson

Framkvæmdastjóri hjúkrunar Steinunn Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri fjármála Ásgeir Ásgeirsson

## Aðrir stjórnendur

Sviðsstjóri lækninga á heilsugæslusviði Linda Kristjánsdóttir

Sviðsstjóri hjúkrunar á heilsugæslusviði Rósa Marinósdóttir

Svæðisfulltrúi Guðmundur Haukur Sigurðsson

Svæðisfulltrúi Jóhann Björn Arngrímsson

Svæðisfulltrúi Róbert W. Jörgensen (til 31.10.2011)

Verkefnastjóri próunar- og gæðamála Jóhanna Fjóla Jóhannesdóttir

Verkefnastjóri innkaupa og birgðahalds Sigríður Guðmundsdóttir

Verkefnastjóri tækni- og búnaðarmála Halldór Hallgrímsson

Yfirlýfjafræðingur Ingveldur Sverrisdóttir

Fagstjóri endurhæfingar Hrefna Frímannsdóttir

Fagstjóri læknaritunar Rósa Mýrdal

Fagstjóri myndgreiningar Gróa G. Þorsteinsdóttir

Fagstjóri rannsóknarþjónustu Hafdís Bjarnadóttir

Fagstjóri sjúkraflutninga Gísli Björnsson

## Heilsugæsla

HVE Akranes heilsugæsla Reynir Þorsteinsson yfirlæknir  
Ragnheiður Björnsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur

HVE Borgarnes heilsugæsla Linda Kristjánsdóttir yfirlæknir  
Rósa Marinósdóttir yfirhjúkrunarfræðingur

HVE Búðardalur heilsugæsla Þórður Ingólfsson yfirlæknir  
Ásgerður Jónsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur

HVE Grundarfjörður heilsugæsla Þorsteinn Bergmann yfirlæknir  
Dagný Ósk Guðlaugsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur

HVE Hólmavík heilsugæsla Guðmundur Sigurðsson yfirlæknir  
Anna Guðlaugsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur

HVE Hvammstangi heilsugæsla Geir Þorsteinsson yfirlæknir  
Helga Hreiðarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur

HVE Ólafsvík heilsugæsla Fanný Berit Sveinbjörnsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur

HVE Stykkishólmur heilsugæsla Brynja Reynisdóttir yfirhjúkrunarfræðingur

## Sjúkrahús

Handlækningadeild HVE Akranesi	Fritz H. Berndsen yfirlæknir Guðjóna Kristjánsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Kvennadeild HVE Akranesi	Edward Kiernan yfirlæknir Anna Björnsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Lyflækningadeild HVE Akranesi	Sigríður Þ. Valtýsdóttir yfirlæknir Valdís Heiðarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Öldrunarlækningadeild HVE Akranesi	Sigríður Þ. Valtýsdóttir yfirlæknir Þórlína Sveinbjörnsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Skurð- og svæfingadeild HVE Akranesi	Björn Gunnarsson yfirlæknir Guðrún M. Halldórsdóttir hjúkrunardeildarstjóri Kristjana Kristjánsdóttir hjúkrunardeildarstjóri Ólafía Sigurðardóttir hjúkrunardeildarstjóri
Slysa- og aðgerðastofa HVE Akranesi	Fritz H. Berndsen yfirlæknir Guðríður Guðmundsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Myndgreiningadeild HVE Akranesi	Gróa Þorsteinsdóttir deildarstjóri
Rannsóknarstofa HVE Akranesi	Eyjólfur Harðarson deildarstjóri
Læknaritaramiðstöð HVE Akranesi	Rósa Mýrdal deildarstjóri
Endurhæfingardeild HVE Akranesi	Ingibjörg Óskarsdóttir deildarstjóri Sigrún Ásmundsdóttir deildarstjóri
Afgreiðsludeild HVE Akranesi	Ingibjörg Finnþogadóttir deildarstjóri
Eldhús HVE Akranesi	Savar Garðarsson deildarstjóri
Ræsting HVE Akranesi	Jóna María Örlaugsdóttir deildarstjóri
Viðhalds- og tæknideild HVE Akranesi	Halldór Hallgrímsson deildarstjóri
Sjúkraflutningar HVE Akranesi	Gísli Björnsson deildarstjóri
Sjúkradeild HVE Hólmavík	Guðmundur Sigurðsson yfirlæknir Anna Guðlaugsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Sjúkradeild HVE Hvammstanga	Geir Karlsson yfirlæknir Guðrún Benónýsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Sjúkradeild HVE Stykkishólmi	Jósep Blöndal yfirlæknir Hrafnhildur Jónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Háls- og bakdeild HVE Stykkishólmi	Jósep Blöndal yfirlæknir Hrafnhildur Jónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Endurhæfingadeild HVE Stykkishólmi	Hrefna Frímannsdóttir deildarstjóri
Rannsóknastofa HVE Stykkishólmi	Hafdís Bjarnadóttir deildarstjóri

# PÆTTIR ÚR STARFSEMI

## Fjármál og rekstur

Þrátt fyrir blikur á lofti í ársþyrjun 2011 var haldið upp í krefjandi vegferð af bjartsýni og von um að vel farnaðist við þróungan kost. Rekstraráætlun var undirbúin af sömu kostgæfni og undangengin ár og framkvæmdastjórn kynnti hana á starfsmannafundum á öllum starfsstöðvum HVE. Þegar litið er um öxl, þá er ljóst að brestir voru í björtum vonum um áframhaldandi árangur í niðurfærslu kostnaðar. Þetta átti við um flesta rekstrarliði og af því hefur verið dreginn lerdómur. Þegar líða tók á árið voru horfur slæmar og stefndi í allt að 150 milljóna króna rekstrarhalla, væntingar um viðsnúning stóðust ekki á síðari hluta árs.

Endanleg niðurstaða í árslok eftir bókhaldstæknilega úrvinnslu varð í reynd nokkuð skárr vegna bakfærslu á áður gjaldfærðu áunnu orlofi starfsmanna.

Rekstrarhalli nam um 78 milljónum króna eða um 2,6% af fjárheimildum. Neikvætt eigið fé nam 7 milljónum króna í árslok. Sjá nánara yfirlit og fjárhagslegar upplýsingar í meðfylgjandi ársreikningi. Þessi grundvallarpáttur í starfseminni olli stjórnendum talsverðum vonbrigðum og staðfesti að róttækari aðgerðir þyrftu að koma til svo rekstrarjafnvægi næðist á komandi ári. Kröfur stjórnvalda lutu skilyrðislaust að því og ekki aðrir kostir í boði. Starfseiningum HVE vegnaði nokkuð misjafnlega í fjárhagslegu tilliti á árinu 2011 og niðurstaða rekstrar þeirra var eins og sjá má í töflunni hér til hægri.

	Fjárhæð í m.kr.	Fjárhheim. í m.kr.	Frávik í m.kr.	Frávik hlutfall
Akranes	1.618,6	1.618,2	-0,4	0,0%
Borgarnes	151,5	154,9	3,4	2,2%
Búðardalur	78,7	78,0	-0,7	-0,9%
Grundarfjörður	73,2	65,8	-7,4	-11,2%
Hólmavík	172,1	154,7	-17,4	-11,2%
Hvammstangi	301,8	269,7	-32,1	-11,9%
Ólafsvík	101,7	95,7	-6,0	-6,3%
Stykkishólmur	339,3	321,2	-18,1	-5,6%
<b>Samtals</b>	<b>2.836,8</b>	<b>2.758,2</b>	<b>-78,6</b>	<b>-2,9%</b>

## Starfsemi

Þótt hinar ytri aðstæður væru stofnuninni örugar, þá var starfið engu að síður þróttmikið og starfsmenn sem heild lögðu sig fram um að nýta vel þann auð sem hvarvetna býr í reynslu og þekkingu vinnuafls. Því verður þó ekki neitað að erfitt var um vik á einstaka starfsstöðvum að vindu ofan af ýmsum kostnaðarþáttum, einkum þeim sem bundnir höfðu verið í stofnana samninga.

Á landsvísu var talsvert fjallað um erfiðleika varðandi skipan lækna í skilgreindar stöður, einkum á landsbyggðinni. Talsvert var um að þessi stétt heilbrigðisstarfsmanna freistaði gæfunnar í nágrannalöndum með því að Ísland færi halloka í samanburði við kjör og aðbúnað. Á starfsstöðvum HVE reyndist þó unnt að veita þjónustu í meginatriðum með svipuðum hætti og tíðkast hefur, þó með samdrætti í læknastöðum.

Varðandi samsetningu starfsmanna að öðru leyti, var skipan þó svipuð. Starfsmönnum á stofnuninni í heild fækkaði um 17 eða um 13 stöðugildi á árinu.

Merkilegt tilraunaverkefni var hafið í Borgarnesi með virkari þáttöku hjúkrunarfræðings í móttöku sjúklinga sem til heilsugæslunnar leita. Sú tilraun hefur gefist afar vel og verður stuðst við þá reynslu til frambúðar. Í ársþyrjun fékkst fjárveiting til endurnýjunar og samræmingar á innheimtu- og uppgjörskerfi fyrir alla stofnunina. Eftir innleiðingarhnökra, þá er eftirlit og innheimta mun skilvirkari og gefur gleggri yfirsýn sem er mikið hagsmunaatriði.

Þá var nýtt símkerfi tekið í notkun fyrir HVE með samræmdu númerakerfi og möguleikum til samnýtingar í þágu allrar stofnunarinnar að ýmsu leyti. Þeir þættir hafa ekki enn sem komið er nýst að fullu en með aukinni þekkingu og reynslu á notkun búnaðarins er þess vænst að kostir hans fái betur notið sín.

Á vormánuðum var gefinn út líttill kynningarbæklingur um Heilbrigðisstofnun Vesturlands með hagnýtum upplýsingum um starfsemina. Bæklingnum dreift inn á hvert heimili og vinnustaði á starfssvæðinu.

Í apríl skipaði Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra nefnd um endurskoðun starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í Stykkishólmi. Meginhlutverk nefndarinnar



var



var

skv. skipunarbréfi að fjalla um framtíð háls- og bakdeildar stofnunarinnar í Stykkishólmi, mögulegar breytingar á rekstrarfyirkomulagi einingarinnar og samspili við aðra starfsemi stofnunarinnar á staðnum. Nefndin starfaði að verkefni sínu til ársloka þegar drög lágu fyrir.

## Framtíðarsýn 2011-2013

Hinn 25. maí 2011 samþykkti framkvæmdastjórn HVE Framtíðasýn 2011 – 2013 á grundvelli umtalsverðrar vinnu og þátttöku marga starfsmanna. Fimmtán starfshópar voru skipaðir sem skiluðu uppbyggilegum tillögum sem byggt var á. Gildi stofnunarinnar verða skv. tillögum starfsmanna *Virðing – Traust – Fagmennska*.

Þá var á sama fundi framkvæmdastjórnar samþykkt endurskoðun á skipuriti sem í gildi hafði verið frá stofnun HVE 1. janúar 2010.

Starfsmannastefna HVE hafði verið til umfjöllunar í vinnuhóp um hríð. Tillaga að nýrri starfsmannastefnu var sömuleiðis samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar hinn 25. maí 2011.

Velferðarráðherra staðfesti síðan **Framtíðarsýn HVE** með undirritun sinni að viðstöddum starfsmönnum og gestum við hátiðlega athöfn í Borgarnesi þann 1. júní 2011.

## Framkvæmdir og tækjakaup

Endurnýjun tækjabúnaðar hefur verið í lágmarki undanfarin ár vegna fjárskorts. Í mörgum tilvikum er komið að ítrустu mörkum í þessum eftum. Nefna má að röntgentæki eru á öllum starfsstöðvum orðin afar gömul og erfitt að fá þjónustu og varahluti til viðhalds. Líftími CT tækis sem skipti sköpum varðandi þjónustu á Akranesi á sínum tíma er senn runninn út. Önnur lækningatæki eru víða úr sér gengin, einkum þar sem mest mæðir á. Leitast hefur verið við að endurnýja og halda í horfinu varðandi brýnustu smærri verkfæri á þessu svíði en í heild hefur því miður ekki reynst mögulegt að viðhalda búnaði eins og eðlilegt er. Forgangsatriði hefur verið að styrkja fjarskiptabúnað og tölvukerfi vegna sameiningar og miðar því verkefni hægt, bítandi og markvisst í rétta átt.

Framkvæmdir við húsnæði og viðhald þess hefur hinsvegar gengið vel enda er så þáttur í höndum Fasteigna ríkissjóðs sem hefur skilgreinda tekjustofna til þess verkefnis. Ráðist hefur verið í fjölmörg endurbótaverkefni og fullyrða má að ástand húsnæðis innan végbanda HVE er almennt gott að undanskildu húsnæði sjúkrasviðs HVE á Akranesi. Til glöggvunar verður hér tæpt á því helsta sem verið hefur á döfinni varðandi framkvæmdir og tækjakaup á HVE árið 2011:

**Akranes:** Fasteignir ríkissjóðs önnuðust ísetningu nýrrar fólkslyftu í aðalbyggingu ásamt iðnaðarmönnum hússins. Lyftan er notuð samhlíða þeirri eldri sem er orðin bilanagjörn og komin til ára sinna.

Nýtt járn var sett á þak elstu byggingarinnar, öldrunarlækningadeildar. Múrviðgerðir fóru fram, skipt um glugga á þessum elsta hluta og málað. Gangar í tengíalmu 1. og 2. hæðar voru endurbættir, skipt um golf- og loftaefni og raflögn og lýsing endurnýjuð.

Talsvert átok var gert í eldvarnarmálum. Brunakerfi var endurnýjað og settar upp eldvarnarhurðir skv. gildandi ákvæðum. Reyklosunarlúgur voru settar á þak á þremur stöðum. Ný öryggislýsing var sett um húsið og merkingar flóttaleiða. Endurnýjuð voru böð á lyflækningadeild og sömuleiðis voru súrefnislagnir settar upp á slysadeild sem leiðir bæði til vinnuhagræðingar, aukins öryggis og sparnaðar í rekstri.

**Borgarnes:** Heilsugæslustöðin var máluð að verulegu leyti innan dyra, bæði gangar og stofur.

**Búðardalur:** Gólf í sjúkrabílageymslu var endurnýjað og lagt á það slitþolið efni. Heilsugæslustöðin var öll máluð innan dyra.



**Grundarfjörður:** Helsta verklega framkvæmdin í Grundarfirði var málun þaks heilsugæslustöðvarinnar og minniháttar viðhald og tiltekt innan dyra.

**Hólmavík:** Bílastæði beggja megin við stofnunina voru malbikuð á árinu. Þá tryggðu Lionsklúbbur Hólmavíkur og Kvenfélögð Glæður með fjárfram lagi að tannlæknastóll var endurnýjaður um svipað leyti og nýr tannlæknir tók að þjóna Strandamönnum.

**Hvammstangi:** Nýtt bjöllukerfi fyrir sjúklinga var tekið í notkun í lok árs í kjölfar þess að gamalt kerfi hafði verið óvirkt um skeið. Nýja kerfið er mun fullkomnara og að hluta kostað af Hollvinasamtökum Heilbrigðisstofnunar Hvammstanga.

Fasteignir ríkissjóðs unnu að ýmsum viðhaldsframkvæmdum. Byggt var m.a. yfir svalir á 2. hæð og í sama áfanga var setustofa vistmanna á hæðinni lagfærð.

Inngangur og aðgengi að vörumóttöku var endurbætt til mikilla muna. Þá voru þök sjúkradeildarinnar máluð. Ákveðið var að kaupa stafrænan röntgenframköllunarþúnað á árinu og fékkst til þess sérstök fjarveiting frá ráðuneyti. Búnaðurinn var ekki tekinn í notkun fyrr en á árinu 2012.

Útbúinn var púttvöllur á lóð stofnunarinnar í tilefni af Landsmóti UMFÍ 50+ sem verður þar til frambúðar. Vallargerðin var að mestu kostuð af Húnaþingi vestra.

**Ólafsvík:** Helstu framkvæmdir í Ólafsvík voru lagfæringar á umhverfi heilsugæslustöðvarinnar, lóð var snyrt og grædd upp að hluta. Þá var plan fyrir framan sjúkrabílageymslu lagfært og slitlögn endurnýjuð.

**Stykkishólmur:** Að ýmsu var hugað í Stykkishólmi á árinu. Nýtt brunaviðvörunarkerfi var sett upp sem leysti annað eldra af hólmi. Sjálfvirkar reyklosunarlúgur voru settar upp í samræmi við gildandi reglugerðir og kröfur eldvarnareftirlits. Sjúkrabílageymsla var endurbætt og stækkuð, felldur var veggur á milli tveggja rýma, slitpolið gólfefni endurnýjað og nýjar innkeyrsludyr settar upp. Því er nú hægt að athafna sig með góðu móti við undirbúning og frágang í upphituðu og ákjósanlegu rými.

## Stækkun og sameining vaktsvæða

Til athugunar hefur verið um nokkurt skeið að endurskoða fyrirkomulag og stækka vaktsvæði innan heilsugæslunnar í heilbrigðisstofnun HVE. Horft hefur verið m.a. til þróunarinnar á Suðurnesjum og Suðurlandi. Þar hafa vaktsvæði verið sameinuð og stækkuð á síðustu árum. Vegna aðstæðna og landfræðilegra skilyrða var ákveðið að skoða fyrst samstarf sjúkrasviðs og heilsugæslunnar á Akranesi svo og mögulega samvinnu tveggja vaktsvæða á vestanverðu Snæfellsnesi, þ.e. milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur. Á Akranesi hafa heilsugæslulæknar verið á bakvakt á heimili sínu utan dagvinnutíma. Þeir hafa hingað til sinnt erindum til heilsugæslunnar með ráðgjöf í gegnum síma eða vitjun á heilsugæslustöðinni. Vitjunum í heimahús hefur farið fækkandi og heyra þær til undantekninga. Sama þróun hefur orðið á höfuðborgarsvæðinu þar sem vitjanir í heimahús hafa nánast lagst af. Þá sinnir Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins eingöngu ráðgjafarþjónustu í gegnum síma frá miðnætti til næsta morguns. Á nóttunni þurfa íbúar höfuðborgarsvæðisins við veikindi eða slys að leita beint til Slysá- bráðamóttöku Landspítalans eða fá sjúkraflutning í gegnum Neyðarlínuna á sjúkrahús. Á sjúkrasviði HVE á Akranesi er staðarvakt aðstoðar-/deildarlæknis. Læknirinn mætir á vaktina kl. 16:00 virka daga og stendur hún í 16 klst. Í ljósi ofangreindrar þróunar vaktpjónustu á höfuðborgarsvæðinu var ákveðið til reynslu að frá maí 2012 sinnti vakthafandi aðstoðar-/deildarlæknir erindum til heilsugæslunnar hér frá kl. 23:00 að kvöldi til 08:00 næsta morguns virka daga. Eftir sem áður sæju heilsugæslulæknar um vakt á helgum. Mælingar á álagi benda til að erindi til heilsugæslunnar á Akranesi séu fá á nóttunni og í mörgum tilvikum hvort sem er vísað til sjúkrasviðsins. Verður reynslan af þessu fyrirkomulagi metin þegar ár er liðið.

Núverandi skipting vaktsvæða á norðanverðu Snæfellsnesi byggir á áratuga gömlu fyrirkomulagi, þar sem heilsugæslustöð var stofnuð í hverjum byggðakjarna. Í mörg ár þjónuðu læknar frá Stykkishólmi íbúum Grundarfjarðar en í hátt á annan áratug hefur heilsugæslulæknir verið búsettur þar. Áður fyrr voru samgöngur erfiðar um svæðið á vetrum. Fjallvegirnir um Kerlingarskarð og Fróðárheiði gátu verið viðsjárverðir í vondum veðrum og teptust fljótt í snjókomu. Um 40 ára gamall vegur um Heydal reyndist áreiðanlegri hvað vetrarfærð snerti í samgöngum milli sunnan- og norðanverðs nessins. Lega hans austarlega á svæðinu gerði það að verkum að hann nýttist að vetrarlagi fyrst og fremst sem varaleið við ferðalög vestur í Dalasýslu þegar Brattabrekka lokaðist.

Nú árið 2012 eru allar leiðir vestur á Snæfellsnes svo og aðalvegir á norðanverðu nesinu uppyggðir með

bundnu slitlagi. Ferðatími milli staða hefur því styrt til mikilla muna auk þess sem afar sjaldgæft er að vegir teppist vegna snjókomu. Veður geta hins vegar verið varasöm í þessum landshluta rétt eins og annars staðar þar sem vegir liggja í nánd við há fjöll og djúpar vetrarlægðir ganga yfir. Milli Ólafsvíkur og Grundarfjarðar eru 25 km og ferðatíminn við góð skilyrði undir 20 mínútum. Til skoðunar hefur verið að læknar heilsugæslustöðvanna í Ólafsvík og Grundarfirði skiptist á að hafa bakvakt. Til að byrja með er áætlað að sameiginleg bakvakt verði á helgum og reynslan af því fyrirkomulagi verði síðan metin.

## Þjónustusími Neyðarlínunnar-112

Frá 15. febrúar 2010 hafa öll símtöl til lækna starfssvæðis Heilbrigðisstofnunar Vesturlands kl. 16:00 – 08:00 virka daga og allan sólarhringinn um helgar farið í gegnum Neyðarlínuna-112. Þar eru erindin greind og þeim vísað ef þurfa þykir áfram til vakthafandi læknis og eftir ástæðum til annarra viðbragðsaðila. Það var Heilbrigðisráðuneytið þáverandi undir forystu ráðuneytisstjóra, sem haustið 2009 kynnti þessa hugmynd og ákvað síðan í samráði við stjórnendur væntanlegrar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands að símaþjónusta Neyðarlínu-112 yrði keyrð sem tilraunaverkefni. Þjónustan var kynnt þannig að sérþjálfaður heilbrigðisstarfsmaður svaraði, greindi erindin og veitti þá viðeigandi ráðgjöf. Síðar í innleiðingarferlinu var sérþjálfaður neyðarvörður settur inn í stað heilbrigðisstarfsmannsins. Í ljósi þess hversu stór hluti erinda sjúklings til vakthafandi læknis er leystur með ráðgjöf í gegnum síma er ljóst að þjónustusími myndi draga umtalsvert úr á lagi á vakthafandi lækna utan dagvinnu. Gagnrýna má að samfella í þjónustu verður ekki sú sama og þegar fastur heilsugæslulæknir og vaktlæknir er sá sami. Ennfremur er það mikill ókostur að viðkomandi starfsmaður hefur ekki aðgang að sjúkraskrárupplýsingum um viðkomandi sjúkling. Þó stefnt sé að einni sjúkraskrá fyrir allt landið virðist enn langt í land með að sú sýn verði að veruleika. Hlutur þjónustusíma Neyðarlínu-112 hefur verið nokkuð gagnrýndur, einkum í fámennustu læknishéruðunum, þar sem krafan um samfellu í þjónustu þykir sjálfögð og jafnvel studd af heilbrigðisstarfsmönnum sjálfum. Staðreynd er hins vegar að þegar alvarleg slys eða sjúkdóma ber að höndum er Neyðarlínan-112 sá aðili sem fljótast getur kallað til alla viðbragðsaðila og samræmt viðbrögð þeirra.

## Gjafir til HVE

Lionsmenn á Akranesi færðu skurð- og svæfingadeild HVE á Akranesi sjúklingavöktunarstöð fyrir vöknunarstofu. Búnaður þessi leysir af hólmi 20 ára gamalt tæki og er til þess fallinn að auka öryggi og eftirlit með sjúklingum eftir skurðaðgerðir. Andvirði gjafarinnar er um 2,5 milljónir króna.

Hollvinasamtök HVE á Hvammstanga færðu hjúkrunar- og sjúkradeild HVE á Hvammstanga sóttreinsunartæki (bekkenskolpott) til notkunar á deildinni. Um er að ræða tæki af nýjustu gerð og leysir það af hólmi rúmlega 20 ára gamalt tæki sem var komið af fótum fram. Verðmæti tækisins er rúmar 900 þúsund krónur.

Lionsklúbburinn Bjarmi afhenti HVE á Hvammstanga neyðarbúnað sem nota á ef til þess kemur að sinna þurfi hópslysi.



# HEILSUGÆSLUPJÓNUSTA HVE

Innan HVE eru átta heilsugæslustöðvar. Samkvæmt 4. grein laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 nær heilsugæslupjónusta yfir almennar lækningar, hjúkrun, heilsuvernd og forvarnir, bráða- og slysamóttöku og aðra heilbrigðisþjónustu sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva.

Eftirfarandi grunnþjónusta er veitt á öllum heilsugæslustöðvum HVE:

Læknisþjónusta  
Hjúkrunarþjónusta  
Heimahjúkrun  
Mæðravernd  
Ung- og smábarnavernd  
Skólaheilsuvernd  
Heilsuvernd og forvarnir


Nánari upplýsingar um starfsemi einstakra heilsugæslustöðva innan HVE er að finna á næstu blaðsíðum ásamt tölulegum upplýsingum um sjúkraflutninga á næstu síðu.

## Tölur úr starfsemi heilsugæslustöðva HVE 2011

	Akranes heilsug.	Borgarnes heilsug.	Búðard. heilsug.	Grundarfj. heilsug	Hólmav heilsug	Hvammst heilsug	Ólafsvík heilsug	Stykkish heilsug	Samtals allir
<b>Heildarfjöldi</b>									
Karlar	21.603	11.154	2.950	3.176	3.033	4.671	5.177	5.259	57.023
Konur	28.547	14.968	3.636	4.015	3.448	5.997	7.265	7.155	75.031
<b>Samtals:</b>	<b>50.150</b>	<b>26.122</b>	<b>6.586</b>	<b>7.191</b>	<b>6.481</b>	<b>10.668</b>	<b>12.442</b>	<b>12.414</b>	<b>132.054</b>
<b>Teg. samskipta:</b>									
Símtöl	15.054	9.405	2.229	2.590	2.338	4.286	4.644	3.151	43.697
Viðtöl	21.701	12.482	3.275	3.385	2.384	4.193	4.989	3.681	56.090
Vitjun	8.643	2.288	268	363	205	525	233	1.781	14.306
Færslur án samskipta	2.823	1.695	745	374	1.041	1.001	1.617	200	9.496
Önnur samskipti	1.377	61	19	419	468	571	880	3.526	7.321
Rafræn samskipti	552	191	50	60	45	92	79	75	1.144
<b>Heildarfj.</b>	<b>50.150</b>	<b>26.122</b>	<b>6.586</b>	<b>7.191</b>	<b>6.481</b>	<b>10.668</b>	<b>12.442</b>	<b>12.414</b>	<b>132.054</b>
<b>Þjónustuflokkar:</b>									
Lækningar	22.484	13.332	5.294	3.765	4.084	7.365	6.654	5.785	68.763
Hjúkrun	2.087	3.821	256	677	636	937	926	983	10.323
Mæðravernd	1.088	511	56	105	52	68	255	107	2.242
Ungbarnavernd	2.025	740	137	199	133	160	364	254	4.012
Heimahjúkrun	7.752	2.183	82	191	611	959	151	1.676	13.605
Skólaheilsuvernd	238	596	55	15	39	148	137	39	1.267
Starfsmannaheilsuvernd	1.910	0	2	0	0	0	0	0	1.912
Annað	12.566	4.939	704	2.239	926	1.031	3.955	3.570	29.930
<b>Samtals:</b>	<b>50.150</b>	<b>26.122</b>	<b>6.586</b>	<b>7.191</b>	<b>6.481</b>	<b>10.668</b>	<b>12.442</b>	<b>12.414</b>	<b>132.054</b>

## Sjúkraflutningar á HVE 2010 og 2011

	2010	2011	Mism. í %
Akranes	643	767	19,3%
Borgarnes	317	287	-9,5%
Búðardalur	76	99	30,3%
Grundarfjörður	38	37	-2,6%
Hólavík	44	47	6,8%
Hvammstangi	88	107	21,6%
Ólafsvík	122	153	25,4%
Stykkishólmur	119	139	16,8%
<b>Samtals:</b>	<b>1.447</b>	<b>1.636</b>	<b>13,1%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE AKRANESI



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá botni Hvalfjarðar að Hafnarfjalli.

Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 1. des 2011 var 7.420 .

Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2011 var 50.150.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31.12.2011 eru 32 í 18,27 stöðugildum, þar af fjórir til fimm heilsugæslulæknar, auk 5 sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Akranesi - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2011

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	Breyting 2010-2011	
Karlar	23.093	20.908	21.603	695	3,3%
Konur	29.082	27.597	28.547	950	3,4%
<b>Samtals</b>	<b>52.175</b>	<b>48.505</b>	<b>50.150</b>	<b>1.645</b>	<b>3,4%</b>
Tegund samskipta					
Símtöl	14.306	14.481	15.054	573	4,0%
Viðtöl	19.654	21.338	21.701	363	1,7%
Vitjun	7.549	7.306	8.643	1.337	18,3%
<b>Samtals</b>	<b>41.509</b>	<b>43.125</b>	<b>45.398</b>	<b>2.273</b>	<b>5,3%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE BORGARNESI



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar samanstendur af Borgarbyggð, Skorradalshreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi.

Fjölda íbúa á starfssvæðinu þann 1. des. 2011 var 3.668.  
Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2011 var 26.122.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2011 eru 19 í 16,19 stöðugildum, þar af að jafnaði þrír heilsugæslulæknar, auk 4 sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Borgarnesi - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2011

Heildarfjöldi samskipta		2009	2010	2011	Breyting 2010-2011	
Karlar		12.741	11.009	11.154	145	1,3%
Konur		17.853	15.017	14.968	-49	-0,3%
<b>Samtals</b>		<b>30.594</b>	<b>26.026</b>	<b>26.122</b>	96	0,4%
Tegund samskipta						
Símtöl		8.419	9.377	9.405	28	0,3%
Viðtöl		12.370	11.929	12.482	553	4,6%
Vitjun		3.986	2.319	2.288	-31	-1,3%
<b>Samtals</b>		<b>24.775</b>	<b>23.625</b>	<b>24.175</b>	550	2,3%



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE BÚÐARDAL



þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá Álftafirði í suðvestri og Bröttubrekku í suðri og allt norður og vestur á Litlanes á milli Kerlingarfjarðar og Kjálkafjarðar. Stöðin þjónar þannig íbúum Dalabyggðar og Reykhólahrepps.

Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 1. des 2011 var 962.

Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2011 var 6.586.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2011 eru 8 í 5,1 stöðugildi, þar af einn heilsugæslulæknir auk 8 sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Búðardal - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2011

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	Breyting 2010-2011	
Karlar	3.963	3.109	2.950	-159	-5,1%
Konur	4.363	3.972	3.636	-336	-8,5%
<b>Samtals</b>	<b>8.326</b>	<b>7.081</b>	<b>6.586</b>	<b>-495</b>	<b>-7,0%</b>
<hr/>					
Tegund samskipta					
Símtöl	2.078	2.068	2.229	161	7,8%
Viðtöl	4.051	3.845	3.275	-570	-14,8%
Vitjun	401	268	268	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>6.530</b>	<b>6.181</b>	<b>5.772</b>	<b>-409</b>	<b>-6,6%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE GRUNDARFIRÐI



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá Berserkseyri að Búlandshöfða og í Eyrarsveit á Snæfellsnesi. Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 1. des 2011 var 903. Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2011 var 7.191.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2011 eru 9 í 5,2 stöðugildum, þar af einn heilsugæslulæknir auk 4 sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Grundarfirði - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2011

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	Breyting 2010-2011	
Karlar	3.836	3.259	3.176	-83	-2,5%
Konur	4.773	3.804	4.015	211	5,5%
Samtals	<b>8.609</b>	<b>7.063</b>	<b>7.191</b>	<b>128</b>	<b>1,8%</b>
Tegund samskipta					
Símtöl	919	2.234	2.590	356	15,9%
Viðtöl	5.022	3.663	3.385	-278	-7,6%
Vitjun	134	411	363	-48	-11,7%
Samtals	<b>6.075</b>	<b>6.308</b>	<b>6.338</b>	<b>30</b>	<b>0,5%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE HÓLMAVÍK



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar eru Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.

Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 1. des 2011 var 659.

Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2011 var 6.481.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des 2011 eru 9 í 3,6 stöðugildum, þar af einn heilsugæslulæknir auk 6 sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Hólmavík - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2011

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	Breyting 2010-2011	
Karlar	3.914	3.453	3.033	-420	-12,2%
Konur	3.985	3.473	3.448	-25	-0,7%
<b>Samtals</b>	<b>7.899</b>	<b>6.926</b>	<b>6.481</b>	<b>-445</b>	<b>-6,4%</b>
<hr/>					
Tegund samskipta					
Símtöl	2.403	2.303	2.338	35	1,5%
Viðtöl	3.006	2.589	2.384	-205	-7,9%
Vitjun	178	222	205	<b>-17</b>	<b>-7,7%</b>
<b>Samtals</b>	<b>5.587</b>	<b>5.114</b>	<b>4.927</b>	<b>-187</b>	<b>-3,7%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE HVAMMSTANGA



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar er Húnaþing vestra og Bæjarhreppur í Strandasýslu.

Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 1. des 2011 var 1.322.

Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2011 var 10.668.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2011 eru 9 í 4,5 stöðugildum, þar af að jafnaði einn heilsugæslulæknir auk 6 sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Hvammstanga - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2011

